

Reykjavík 14. febrúar 2013

## Ályktun sjúkraliða á mjög fjölmennum kjaramálaufundi

Sjúkraliðar hafa ásamt öðru íslensku heilbrigðisstarfsfólki verið þátttakendur/polendur í gríðarlega erfiðum niðurskurði í heilbrigðiskerfi landsmanna á síðastliðnum fjórum árum, kerfis sem aldrei naut „góðærисins“.

Vinnuálag á stéttina hefur aukist jafnt og þétt og er fyrir löngu orðið óboðlegt. Á þessum fjórum árum hefur verið komið í veg fyrir eðlilega launapróun sjúkraliða með skertri starfsprósentu, yfirvinnubanni, söfnunum í tímabanka og banni við kjarasamningsbundinni starfsþróun.

Sjúkraliðar fagna yfirlýsingum fjármála- og velferðarráðherra um að nú eigi loksins að standa við gefin loforð um að leiðréttla laun þeirra heilbrigðisstéttta sem setið hafa eftir og geirnegla samkomulag fyrir næstu kjarasamninga um upprætingu á kynbundnum launamun.

Sjúkraliðar fagna áfangasigri hjúkrunarfræðinga í launaleiðréttingu og minna á að kjör og vinnuumhverfi þessara stéttu eru samofin.

Fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín á. Guðmundsdóttir, formaður